

Íslenskur iðnaður

10. tölublað 15. árg.

Október 2009

Samtök iðnaðarins

SI

Farmers Market og Íslensk hollusta hlutu viðurkenningu úr Verðlaunasjóði iðnaðarins



Bergþóra Guðnadóttir, hönnuður í Farmers Market og Eyjólfur Friðgeirsson, líffræðingur í Íslensk hollusta hlutu viðurkenningu úr Verðlaunasjóði iðnaðarins. Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra afhenti hvoru um sig eina milljón króna, verðlaunagrip og viðurkenningarskjal. Sjá nánar á bls. 5.

10 fyrirtæki stofna Samtök leikjafram- leiðenda - IGI



Nýkjörin stjórn IGI, Erla Bjarmey Árnadóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Ólafur Andri Ragnarsson, Örn Haraldsson og Jónas Björgvin Antonsson. Á myndina vantar Arnar Hrafn Gylfason og Finn Magnússon. Sjá nánar á bls. 3.



Hátækni- og Sprotaping 2009

verður haldið föstudaginn
30. október kl. 12.45 - 17.00
í fundarsal CCP, Grandagarði 8

Staða og starfsskilyrði
hátækni- og sprotafyrirtækja

Paulhugsaður einfaldleiki

ný íslensk hönnun



Sprotafyrirtækið NEMA ehf. kynnir til sögunnar nýja íslenska framleiðslu á lýðheilsuvænum búnaði.

Framhald bls. 4

bls. 2



Hugsað til morguns

bls. 6



Markvisst niðurrið

bls. 7



Ölgerðin flytur í glæsilegt nýtt húsnæði

bls. 8



Fjárfestir fyrir hálfan milljarð

bls. 8



Könnun á ástandi og horfum

Hugsað til morguns

Dagur kemur eftir þennan dag er spakmæli sem gott er að hafa í huga þegar tekist er á um markmið og leiðir til lausnar á þeim erfiðleikum sem íslenskt samfélag hefur ratað í. Umræðan um hvað morgundagurinn muni bera í skauti er of oft lituð af því að einungis sé um tvo kosti að ræða – svart eða hvítt, þetta eða hitt – í raun er það sjaldnast svo. Því miður virðist þetta viðhorf vera að sækja í sig veðrið og átök á þeim grundvelli fara harðnandi í samfélaginu. Það er auðvitað grátlegt að samstaðan sé ekki meiri þegar svo mikið liggur við í íslensku samfélagi. Sundrunin seinkar framförum og kemur í veg fyrir að við náum tökum á efnahagsvandinum. Sérstaklega er þetta bagalegt í ljósi þess að við höfum allar forsendur til þess að halda lífskjörum okkar og velferð í fremstu röð þótt óumflýjanlegt sé að nokkuð kreppi að um stund.

Einsýni er til trafala

Umræða um nýtingu orkuauðlinda, umhverfismál, orku-frekan iðnað, hátækni-, sprota- og nýsköpunarfyrirtæki, smáfyrirtæki og stórfyrirtæki, hefðbundin og óhefðbundin fyrirtæki er mjög í brennidepli og þar er sterk tilhneiging til að skipa sér í fylkingar - svart eða hvítt. Slík einsýni og einföldun gerir ekkert nema tefja fyrir nauðsynlegri uppbyggingu atvinnulífsins. Samtök iðnaðarins eru svo heppin að hafa innan sinna raða fyrirtæki af öllum þessum tegundum. Okkar reynsla er sú að því meiri samskipti sem eru milli þeirra, þvert á hefðbundnar skilgreiningar og flokkanir, því betur kemur í ljós að hagsmunir þeirra eru keimlíkir og þau geta nýtt styrkleika hvers annars og sérstöðu til nýrra og spennandi verkefna.

Orkumikill iðnaður

Einmitt þessa dagana standa Samtök iðnaðarins fyrir sam-eiginlegri stefnumótunavinnu fyrirtækja sem nýta og framleiða orku, fyrirtækja sem vinna að bættri orkunýtingu og minni umhverfisáhrifum orkunýtingar og fyrirtækja sem eru að þróa nýja orkugjafa og orkuvinnslu. Án nokkurs vafa er græn orka og hvers kyns tækni og framleiðsla sem snýr að því að bæta orkunýtingu og draga úr mengun í tengslum við orkuvinnslu og orkufrekan iðnað eitt af stóru tækifærum okkar. Það verður spennandi að sjá til hvers þessi vinna leiðir. Takist vel til eignum við alla möguleika á að hagnýta orkuauðlindir okkar með enn betri hætti og þróa framleiðslu og þjónustu sem við getum selt.

Slæm þrætubókarlist

Endurnýjanleg orka er ein af dýrmætustu auðlindum okkar. Mikilvægt er að umgangast orkuauðlindirnar af virðingu og gætni um leið og þær eru hagnýttar til verðmætasköpunar. Samtök iðnaðarins hafa í mörg ár kallað eftir því að stjórn-



Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri SI

völd hraði og ljúki við vinnu þar sem ákvarðað verður hvar má virkja og hvar ekki. Meðan það liggur ekki fyrir er jarðvegurinn frjór fyrir lærri þrætubókarlist um hvar og hve mikið er til af orku til ráðstöfunar í framtíðinni. Þær þrætur eiga að vera óparfar. Stjórnvöld og stofnanir sem bera ábyrgð á orkurannsóknunum og leyfum til orkuvinnslu verða að bæta ráð sitt í þessum efnum.

Einfalt en samt flókið


Atvinnuleysi er mikið á Íslandi. Um 15.000 manns eru án atvinnu og ef marka má nýja könnun SA mun þeim fjölga enn. Á hverju ári bætast þúsundir karla og kvenna á vinnumarkaðinn vegna fjölgunar Íslendinga. Öllum þessum vinnufúsu höndum þarf að finna viðfangsefni. Augljóst er að líttill hluti þeirra mun fá vinnu við landbúnað eða útgerð og fiskvinnslu. Ríki og sveitafélög þurfa að draga saman seglin frekar en hitt þannig að fjölgun á þeim vettvangi er ekki í auglýningu. Hið sama gildir um mannvirkjagreinarnar. Hvar er þá rými til vaxtar? Svarið er í senn flókið og einfalt. Við verðum að efla þær greinar sem geta vaxið og aflað tekna frá útlöndum. Það er einfaldi hluti svarsins. Flóki hluti þess er sá að þar er ekkert eitt sem kemur til bjargar heldur mörg og fjölbreytt fyrirtæki á sviði hvers konar framleiðslu og þjónustu. Bæði ný og rötgróin.

Styrkir til vinnustaðakennslu

Samtök iðnaðarins auglýsa styrki til iðnfyrirtækja sem annast vinnustaðakennslu. Styrkimir eru veittir til að efla kennslu og þjálfun í iðngreinum sem fyrirtæki hafa þörf fyrir en erfitt er að fá nemendur í.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað á www.si.is/vinnustadakennsla.

Einnig veitir Ingi Bogi Bogason upplýsingar í síma 591 0126.



Umsóknarfrestur: 17. nóvember 2009



Samtök iðnaðarins - www.si.is

Vilmundur Jónsson formaður SA

Vilmundur Jónsson hefur tekið við sem formaður Samtaka atvinnulífsins, en Þór Sigfússon, sem verið hefur í leyfi frá formennsku í samtökunum frá 9. júlí, hefur ákveðið að víkja formlega úr sæti formanns SA. Vilmundur Jónsson var formaður SI frá 2000 – 2005.



Ein verðmætasta hugbúnaðarsala í sögu Íslands

Microsoft hefur keypt íslensku hugbúnaðarlausnina LS Retail AX sem er byggð ofan á Microsoft Dynamics AX viðskiptalausnirnar. Það er íslenska fyrirtækið LS Retail ehf. sem hefur þróað lausnina sem Microsoft fær nú eignarrétt á og er þetta er ein verðmætasta hugbúnaðarsala í sögu Íslands. Þetta er jafnframt fyrsta meiri háttar fjárfesting Microsoft í hugbúnaði síðan fyrirtækið ákvað að beina athyglinni að fimm sérsviðum sem markhópum fyrir Microsoft Dynamics AX, smásöluverslun, framleiðslu, dreifingu, opinbera geirann og sérfræðisþjónustu.

Að sögn Gunnars Björns Gunnarssonar, framkvæmdastjóra LS Retail er salan til marks um gott orðspor LS Retail um allan heim. „LS Retail mun eftir sem áður eiga og þróa öll sín kerfi sem byggð eru ofan á Microsoft Dynamics NAV auk þess að halda áfram að vinna í sérútfærslum fyrir AX lausnina sem seld var til Microsoft, þjóða þjónustu tengda henni og veita fræðslu fyrir markaðinn“. Sjá frekar um málið á www.si.is.

Leikjapróun á Íslandi er staðreynd

Þann 25. september sl. stofnuðu tíu fyrirtæki ný Samtök leikjaframleiðenda, IGI – Icelandic Gaming Industry – í SI. Dagskrá með kynningu á samtökunum og fyrirtækjum innan þeirra var síðan haldin samdægurs í Hugmyndahúsi háskólanna.



Á Íslandi starfa rúmlega 300 manns við þróun, markaðssetningu og sölu á tölvuleikjum. Mikill vöxtur hefur verið í þessum geira seinasta árið þrátt fyrir hina gríðarlegu niðursveiflu sem orðið hefur í kjölfar bankarunsins. Sameiginlegar tekjur leikjafyrirtækjanna fyrir árið stefna í rúmlega 10 milljarða króna og flest þeirra eru að leita að starfsfólki til að mæta aukinni eftirspurn.

Ótáknörkuð tækifæri

Stærstu fyrirtækin eru CCP sem reka EVE Online og hafa tvo aðra leiki í þróun, Betware sem þróa lausnir fyrir happdrætti og Gogogic sem smíða iPhone og fjölspilunarleiki. Auk þeirra er fjöldi smærri fyrirtækja sem eru að vinna í þróun á nýjum titlum sem væntanlegir eru á markað á þessu eða næsta ári. Alþjóðlega fyrirtækið Sauma Technologies setti nýverið upp skrifstofu hér á landi sem er til marks um hvernig erlendir aðilar horfa til Íslands fyrir uppbyggingu eigin fyrirtækja.

IGI sjá fyrir sér ótáknörkuð tækifæri til vaxtar á komandi árum. Markmiðið er að árið 2013 verði á Íslandi starfandi tugir fyrirtækja í leikjaiðnaði með þúsundir starfsmanna. Samtökin sjá fyrir sér fjölbreytta og framsækna útflutningsgrein, sem byggir að verulegu leiti á rafrænum viðskiptum.

Samtök íslenskra tölvuleikjafyrirtækja

IGI er ætlað að vera öflugur vettvangur sem veitir tölvuleikjaframleiðendum stuðning og margvíslega þjónustu. Sem dæmi má nefna aðstoð við innlend og erlend almannatengsl (PR), tengsl við

skóla og atvinnulíf og aðstoð við umsókn styrkja.

Hlutverk samtakanna er að stuðla að auknu samstarfi hagsmunaaðila. Samtökin verða leiðandi í því öflugum og skapandi samstarfi fyrirtækja, menntastofnana, stjórnvalda um þekkingaruppbyggingu og tækni sem einkennir greinina. Hér ber helst að nefna virkt samstarf háskólanna og leikjafyrirtækjanna sem leitt hefur til alþjóðlegrar viðurkenningar. IGI mun starfa sem starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins.

Nýkjörin stjórn

Á stofnfundinum var kosin fimm manna stjórn og tveir varamenn. Formaður var kosinn Erla Bjarney Árnadóttir, Gogogic. Aðrir voru kosnir Eyjólfur Guðmundsson CCP, Finnur Magnússon Sauma, Ólafur Andri Ragnarsson Betware og Örn Haraldsson Mindgames. Varamenn voru kosnir Arnar Hrafn Gylfason CCP og Jónas Björgvin Antonsson Gogogic.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
10. töl. 15. árg. Október 2009
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðu: 19.10.2009
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri/efnisöflun: Rákel Pálsdóttir
Prófarkalestur: Rákel Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Paulhugsáður einfaldleiki

ný íslensk hönnun



Sprotafyrirtækið NEMA ehf. kynnr til sögunnar nýja íslenska framleiðslu á lýðheilsuvænum búnaði.

Þessa dagana er verið að markaðsetja nýja íslenska hönnunar- og framleiðslulínu sem hefur að gera með lýðheilsu í hátækisafélagi. Vörulínan er sniðin að þörfum þeirra sem nota fartölvur daglega og samanstendur af brettum undir fartölvur og dagblaða- og bókastöndum og er hönnuð í nánú samráði við lækna

og iðjuþjálfra. Vörurnar eru framleiddar í Múlalundi.

Bætt líkamsstaða

Flestir vita um hættuna sem líkamanum stafar af þeim algenga notkunarmáta að setja tölvuna í kjöltu sér og þá án nokkurrar varnar. Skaðsemin er ekki hvað síst þegar notast er við þráðlausar nettengingar. Að sporna gegn skaðsemi af þessum toga er helsti drifkrafturinn að baki

framleiðslu Nema-tölvubretta. Auk þess að búa yfir haldgóðri geislavörn þegar unnið er með tölvuna í kjöltunni færa brettin notandanum aukin þægindi og leiða til ákjósanlegrí líkamsbeitingar. Ásta Krístrún Ragnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, hefur unnið með námsmönnum um 30 ára skeið og reynsla hennar á þeim vettvangi varð til þess að hún hófst handa við hönnun á forvarnarbúnaði fyrir námsfólk. Borðtölvan hefur nú vikið fyrir fartölvunni og jafnt almenningur, vinnustaðir sem skólar nýta fartölvur í sífellt meira mæli.

Samráð við lækna og iðjuþjálfra

Í vinnu sinni með nemendum skynjaði Ásta hversu umhverfið aðlagði sig illa að breyttum starfsskilyrðum. Hún hafði þá samband við lækna og iðjuþjálfra um umbætur vinnuskilyrða þeirra sem glósa námsefni bóka inn á tölvur. Að því búnu leitaði hún til hins virta vinnustaðar Múlalundar en þar tóku forvarsmenn afar vel í hugmyndina um samstarf um slíkt nýsköpunarverkefni. Þróun, prófanir og framleiðsluferlið hefur staðið yfir í rúmt ár, en nú fá landsmenn senn að njóta ávaxta þeirrar vinnu.

Fleiri tegundir stoðbúnaðar

Auk tölvubretta af tveimur stærðum eru í línunni samanbrjótanlegir bókastandar með burðarþoli fyrir bækur af öllum stærðum og gerðum. Samanbrotinn passar standurinn með fartölvunni í tösku og því auðvelt að taka hann með á milli vinnustöðva.

Nú tíma náms- og kennsluhættir reikna með að nemendur vinni á tölvu þegar þeir glósa efni námsbókanna og því bæta bretti og standur „Tvennan“ til muna aðstæður námsmanna á nýjum tímum. Í farvatninu er áframhaldandi samstarf á milli Nema og Múlalundar um hönnun og framleiðslu fleiri tegunda stoðbúnaðar í því augnamiði að bæta vinnuaðstæður þeirra sem vinna í þekkingariðnaði þar sem tölva og bækur eru megin vinnutækin.

PROMENS

Promens Tempra CE

Promens Tempra hefur hlotið leyfi til að CE merkja byggingavöruframleiðslu sína. Promens Tempra hefur um langt árabil verið leiðandi í framleiðslu á EPS plasteinangrun á Íslandi. Promens Tempra hefur gefið út EC samræmis-yfirlýsingu sem byggð er á frumgerðar-prófunum sem framkvæmdar hafa verið hjá Nýsköpunarmiðstöð iðnaðarins, sem er tilnefndur prófunaraðili og eru umræddar framleiðsluvörur fyrirtækisins nú CE merktar.

Promens Tempra varð til við samruna Húsaplats í Kópavogi og Stjórnusteins í Hafnarfirði. Við samrunann varð til stærsta fyrirtækið á sínu sviði á Íslandi í dag, með yfir 60 ára sameiginlega reynslu af framleiðslu úr EPS. Meginframleiðsla fyrirtækisins er húsaeinangrun og umbúðir úr EPS en einnig eru í boði ýmsir fylgihlutir til flutnings ferskra afurða sem og uppsetningar húsaeinangrunar.

Nýir félagsmenn

Kraftlind ehf.
Vallarási 3
110 Reykjavík

ReMake Electric ehf.
Strandgötu 11
220 Hafnarfjörður

Farmers Market og Íslensk hollusta

hlutu viðurkenningu úr Verðlaunasjóði iðnaðarins

Tvær viðurkenningar úr Verðlaunasjóði iðnaðarins voru veittar við hátiðlega athöfn 28. september. Það voru Eyjólfur Friðgeirsson, líffræðingur í Íslensk hollusta og Bergþóra Guðnadóttir, hönnuður í Farmers Market sem hlutu viðurkenningu að þessu sinni. Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra afhenti hvoru um sig eina milljón króna, verðlaunagrip og viðurkenningarskjal.

Verðlaunagripurinn heitir Hjólið og er tákn mannsins fyrir uppgötvun, framfarir og virkni.

Verðlaunahafar 2009

Íslensk hollusta ehf. (áður Hollusta úr hafinu) er félag sem Eyjólfur Friðgeirsson líffræðingur stofnaði árið 2005 til að þróa og framleiða hollustufæði. Það hefur sett á markað hátt í tvo tugi vara, jurtate, krydd, sósur, osta, snakk, kryddlegin söl, berjasaft og baðefni. Leiðarljós Eyjólfss er að nota hrein íslensk náttúruæfni. Með starfi sínu beinir hann athygli að því að náttúran sjálf er meiri matarkista en margur hyggur og stuðlar jafnframt að því að endurvekja þjóðlega íslenska matargerð.

Hönnunarfyrirtækið **Farmers Market** var stofnað haustið 2005 af hjónunum Bergþóru Guðnadóttur hönnuði og Jól Pálssyni tónlistarmanni. Bergþóra hannar allar vörur fyrirtækisins, en hugmyndafræðin byggir á að nýta náttúruleg hrá-



Kristján Friðriksson iðnrekandi var fram-sýnn athafna- og hugsjónamaður sem lét sig hag og farsæld þjóðarinnar öllu varða. Kristján stofnaði fyrirtækið Últíma

árið 1941 og rak það til dauðadags. Í Últímu var í fyrstu verslun og saumstofa með klæðskerasaumaðan og innfluttan herrafatnað. Kristján hafði lengi haft áhuga á að vinna úr íslensku ullinni og sá í henni sóknarfæri fyrir íslenskan iðnað. Í upphafi sjöunda áratugarins hóf hann því rekstur vefnaðarverksmiðju þar sem framleidd voru áklæði, gluggatjöld og gólfteppi mestmegnis úr íslenskrri ull. Áhugann má eflaust rekja til æskuheimilis hans þar sem mikið var lagt upp úr heimilisiðnaði og þá sérstaklega ullarvinnslu.

Kristjáni fannst mikilvægi íslensks

æfni með sérstaka áherslu á íslensku ullina til að gera vörulínu af fatnaði og fylgihlutum sem hafi sterka skírskotun í íslenska arfleið og menningu. Hönnun Bergþóru undir merkjum Farmers Market

iðnaðar og uppbygging hans gleymast á uppgangstímum sjávarútvegsins. Hann þreyttist ekki á að tala um mikilvægi þess að viðhalda íslenskum iðnaði, þróa hann með langtímasjónarmið fyrir augum og gera samkeppnishæfan við innfluttar vörur. Íslensk framleiðsla þyrfti að vera fjölbreytt og byggja bæði á fornum hefðum, sérkennum og sérþekkingu en einnig nútímalegri tækni og framsýni. Þannig yrði stuðlað að jafnri og öruggri búsetu- og atvinnuuppbyggingu, sjálfbærni þjóðarinnar og verkmenningu. Hann taldi hagleg og verkfærni einn helsta þjóðarauð Íslendinga.

Val á verðlaunahöfum í ár hefði eflaust fallið Kristjáni vel í geð þar sem um er að ræða hugsjónafólk sem hefur með elju sinni og áhuga hafið framleiðslu á vörum úr alíslensku hráefni, m.a. íslenskrri ull og jurtum, en Kristján var vel heima í flóru landsins og hafði mikinn áhuga á að nýta jurtir til lækningar, lyfjagerðar og mannelids.

hefur vakið mikla athygli bæði hér heima og erlendis og eru nú vörur þeirra í sölu í hönnunar- og tiskuverslunum í 12 löndum.

Báðir verðlaunahafar byggja vörur sínar á gömlum hefðum heimilisiðnaðar og matarmenningar en horfa einnig til nýrra notkunarmöguleika, rannsókna og útflutnings.

Verðlaunasjóður iðnaðarins

Verðlaunasjóður iðnaðarins var stofnaður af Kristjáni Friðrikssyni í Últímu, eigin konu hans frú Oddnýju Ólafsdóttur og fjölskyldu árið 1976.

Tilgangur hans er að örva til dáða á sviði iðnaðarmála og vekja athygli á afrekum einstaklinga og fyrirtækja sem vinna að iðnaði, hönnun og framleiðslu. Sjóðurinn er helgaður minningu þeirra fjölmörgu hugvits- og hagleiksmanna sem fyrr og síðar hafa lifað og starfað á Íslandi og notið mismikillar umbunar fyrir verk sín.

Verðlaunasjóður iðnaðarins hefur verið starfræktur í anda stofnenda hans í samstarfi við Samtök iðnaðarins og hefur með vissu millibili veitt viðurkenningar oftast fyrir frumkvöðulsstarf á sviði iðnaðar.

Steinlagnatækni
Nýtt starfsmenntanám

Þessa dagana standa yfir skráningar í nýtt starfsmenntanám, steinlagnatækni, fyrir haustönn. Kennslan hefst mánudaginn 26. október. Námið, sem er á sviði skruðgarðyrkju, er mótað og uppbyggt af Félagi skruðgarðyrkju-meistarara og Horticum menntafélagi ehf. Í samstarfi við Tækniskólann. Nánari upplýsingar um námið má finna á heimasíðu Tækniskólans www.tskoli.is.



Andstaða við aðild að ESB í hámarki

Heldur fleiri eru óánægðir en ánægðir með að sótt hefur verið um aðild Íslands að Evrópusambandinu samkvæmt nýrri könnun. Þá hafa aldrei fleiri sagst andvígir aðild frá því að Samtök iðnaðarins tóku að láta gera kannanir fyrir sig um Evrópumálin. Um 50% segjast andvígir aðild en um 33% segjast hlynnt. Þá segjast um 17% hvorki hlynnt né andvíg aðild.

Könnunin var gerð af Capacent Gallup dagana 25. ágúst til 10. september. Svarhlutfall var 52,3% af handahófs-völdu úrtaki úr þjóðskrá og var úrtakið 1.649 manns.

Þá var einnig spurt: Ef aðild Íslands að Evrópusambandinu (ESB) yrði borin undir þjóðaratkvæði í dag, hvernig telur þú líklegast að þú myndir greiða atkvæði?

Þá kemur í ljós að 61,5% segja líklegt að þeir myndu sennilega eða örugglega greiða atkvæði gegn aðild en 38,5% sennilegt eða öruggt að þeir myndu greiða atkvæði með aðild.



starfsafl

Styrkir til fyrirtækja með eigin fræðslu

Stjórn Starfsafls hefur ákveðið að gefa fyrirtækjum möguleika á að sækja um styrki til að kosta eigin fræðslu sem fram fer innan fyrirtækjanna með eigin leiðbeinendum. Reglurnar fela í sér að heimilt er að veita styrki samkvæmt tilteknum verklagsreglum og eru þeir ætíð háðir samþykki stjórnar.

Stjórn og starfsmenn Starfsafls hafa orðið þess vör að sum fyrirtæki hafa neyðst til að draga úr eigin fræðslu vegna samdráttar í atvinnulífnum. Í flestum eða öllum tilvikum er um að ræða sérhæfða fræðslu sem ekki er hægt að kaupa frá sjálfstæðum fræðsluadílum. Lítið verður sérstaklega á þetta atriði við mat á styrkhæfi. Má þar nefna þjálfun samkvæmt tilteknum þjálfunarferlum almennra starfsmanna t.d. í þjónustu og framleiðslu sérhæfðra vara. Það er von Starfsafls að hinar nýju reglur geri fyrirtækjum kleift að halda áfram gæðastarfi í fræðslu. Allar nánari upplýsingar á www.starfsafl.is.



Markvisst niðurrif

Ekki verður annað séð en að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að vinna markvisst gegn áliðnaði og öðrum orku-frekum iðnaði á Íslandi. Ákvarðanir um að framlengja ekki viljayfirlýsingu vegna Bakka, fella úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar um Suðvesturlínur og tillaga um orku- og auðlindaskatt koma fyrirhuguðum framkvæmdum í uppnám segir Jón Steindór Valdimarsson framkvæmdastjóri SI.

Afdrifaríkar ákvarðanir

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að framlengja ekki viljayfirlýsinguna vegna Bakka setja uppbyggingu á Norðausturlandi í óvænt uppnám. Þá setur ákvörðun umhverfisráðherra frá 29. september um að fella úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar um Suðvesturlínur verulegt strík í reikninginn vegna álvers Norðuráls í Helgúvík og annarra framkvæmda á Suðurnesjum s.s. uppbyggingu gagnavers. „Líkur benda raunar til að ákvörðun ráðherra standist ekki lög og er því með öllu óskiljanleg, segir Jón Steindór.“ Síðast en ekki síst sé það vanhugsuð og illa undirbúin tillaga sem birtist í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar um orku- og auðlindaskatta. Augljóst sé að hitann og þungann af þeirri skattheimtu er þeim stóriðjufyrirtækjum sem hér starfa ætlað að bera. Öll hafi þau hafið starfsemi hér á landi samkvæmt sérstökum samningum og lögum og öll lýst yfir áformum um frekari uppbyggingu hér á landi. „Við þörfnumst erlendra fjárfestinga og okkur er líka nauðsynlegt að skapa Íslandi orðsþor sem ríkis þar sem óhætt er að byggja upp starfsemi til langs tíma. Hér þurfa fjárfestar ekki að eiga á hættu að leikreglum sé breytt

eftir á eins og ríkisstjórnin boðar núna,“ segir Jón Steindór.

Aukinn samdráttur og atvinnuleysi

Jón Steindór segir rétt að benda einnig á að áætlanir stjórnvalda um orku- og auðlindaskatta setja eigin áætlanir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum í uppnám. Í nýrri þjóðhagsþá fjármálaráðuneytisins sé gert ráð fyrir að framkvæmdum við álver Norðuráls í Helgúvík og stækkun í Straumsvík. „Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að samdráttur í landframleiðslu á þessu ári verði 8,4% og 1,9% á því næsta auk um og yfir 10% atvinnuleysis. Þetta mun ekki standast ef stjórnvaldsaðgerðir verða til að fresta eða ýta umræddum framkvæmdum út af borðinu. Samdrátturinn og atvinnuleysið á næsta ári verður því enn meira en sú dökka mynd sem ný þjóðhagsþá gerir ráð fyrir og þar er sannarlega ekki á bætandi“ segir Jón Steindór. Ekki sé deilt um ríka þörf þess að skera niður ríkisútgjöld og afla aukinna tekna. Besta leiðin til þess er að auka umsvif í samfélaginu og framgang þeirra verkefna sem eru í pípunum. Þess í stað sé ákveðið að fara leið sem dýpkar þá efnahagslægd sem við tökumst á við.

Uppbygging í stað niðurrifs

„Allir vilja leggja sitt af mörkum við endurreisn íslensks efnahagslífs. Það verður hins vegar ekki gert í gegnum stórauðna skattheimtu og með því að stöðva uppbyggingu. Nauðsynlegt er að ríkisstjórnin leggi án tafar á hilluna öll áform um orku- og auðlindaskatta og stuðli að uppbyggingu í stað niðurrifs á þessu sviði atvinnulífsins.“



Ölgerðin flytur í glæsilegt nýtt húsnæði

Á fjórða þúsund manns mættu á opunarhátíð Ölgerðarinnar 12. september síðastliðinn þegar nýtt og glæsilegt húsnæði undir starfsemi fyrirtækisins var tekið í notkun. Heilmargt var í gangi í húsinu, vörukynningar, andlitsmálun og tónlist og var almennt góður rómur gerður að þessum viðburði.

Ölgerðin var áður staðsett á átta stöð-um víðsvegar um borgina en er nú öll sameinuð undir einu þaki að Grjóthálsi. Nýja húsið er um 12.500 fermetrar. Lagerinn samanstendur af þurrvörulager, kælum og frystum samtals um 12.500 hillupláss. Starfsstöðvarnar eru í kringum 100, engar skrifstofur eru í húsinu, aðeins opið rými ásamt fundar- og vinnuherbergjum. Að sögn Októs Einarssonar, stjórnarformanns Ölgerðarinnar eru starfsmenn rétt um 275 (full stöðugildi) og hefur fjölgað nokkuð að undanfögnu

þar sem fyrirtækið hefur tekið til sín vörhúsastarfsemi sem var áður úthýst hjá Eimskip.

Margfalt hagræði

Októ segir kostina við flutningana fjölmarga, t.d. séu allar samskiptaleiðir mun styttri og hraðvirkari og aðstaða og aðbúnaður starfsmanna betri.

„Starfsánægja hefur aukist með mun betri aðbúnaði starfsmanna, t.d. eru öll tæki og tækni eins og best verður á kosið á lager, ásamt því að loftræsting,

lýsing og hljóðvist er til fyrirmyndar á skrifstofum.“ Þá segir hann það ótví- ræðan kost að bæði þjónustuver og þjónustudeild séu undir sama þaki og framleiðsla, sala og dreifing. „Hér áður fyrr vorum við að afgreiða vörur frá 5 stöðum en nú er allt afgreitt frá einum stað. Þjónusta við viðskiptavinum er skilvirkari, vörumeðhöndlun betri og hagkvæmni hefur aukist verulega og á enn eftir að batna.“

Markvissar aðgerðir geta dregið verulega úr rýrnun matvæla

Verkefninu „Umbætur í virðisæðju matvæla“ sem hefur staðið yfir undanfarin tvö ár er nú lokið og voru niðurstöður þess kynntar á opnum fundir á Grand hóteli 24. september sl. Fundinn sóttu á sjötta tug starfsmanna úr framleiðslu og dreifingu matvæla. Að verkefninu stóðu Samtök iðnaðarins, Norðlenska, Sláturfélag Suðurlands, Kaupás, AGR, Matís og Rannsóknarsetur verslunarinnar með stuðningi frá Tækniþróunar- sjóði.

Umtalsverð rýrnun

Markmið verkefnisins var að greina hvar í virðisæðju matvæla rýrnun á sér stað og skilgreina aðgerðir til að lágmarka soun sem af rýrnuninni hlýst. Jafnframt var skoðað hvaða aðferðum er beitt í nágrennalöndunum til að draga úr óþarfa soun. Árleg velta í kjötiðnaði á Íslandi er

áætluð 20-25 milljarðar króna. Talið er að þar af tapist a.m.k. 5% eða 1000-1250 milljónir vegna rýrnunar sem verður áður en varan kemst í hendur neytenda.

Því er til mikils að vinna. Hægt er að spara stórar fjárhæðir ef tekst að draga úr þessari rýrnun.

Helstu niðurstöður

Með því að lækka geymsluhastig kjötvara úr 4°C í 1°C má lengja geymsluþol um 30% og með því að geyma kjötið niður undir frostmarki þess, við -1,5°C, má lengja geymsluþolið um allt að 60%. Hægt er að nota sjálfvirkar, rafrænar aðferðir til að fylgjast með birgðahaldi í verslun og hjá framleiðendum og til að spá fyrir um innkaup og framleiðslu. Með



Fjölmenni var á félagsfundinum á Grand hóteli

því að nota rafrænar aðferðir við innkaup má lækka meðalbirgðakostnað um 27% og jafnframt fækka birgðaprotum um 7%. Aðstandendur verkefnisins telja að niðurstöðurnar sýni, svo ekki verður um villst, að vönduð og öguð vinnubrögð í allri virðisæðjunni og gott upplýsingaflæði milli birgja og smásala fela í sér geymsimikla möguleika til hagræðingar, ekki síst á sviði vörustjórnunar.

Linde Gas] **AGA**

ÍSAGA fagnar 90 ára afmæli

Fyrirtækið ÍSAGA var stofnað árið 1919 í samvinnu við sænska gasfyrirtækið AGA sem er eitt hið stærsta í heiminum. Fyrirtækið var stofnað til að framleiða asetylengas fyrir vita landsins en framleiðir nú og selur gas- og lofttegundir til notkunar í iðnaði, heilbrigðisþjónustu og til einkanota.

Haldið var upp á afmælið 13. september síðastliðinn.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
ATVINNULÍFSINS

Fjárfestir fyrir hálfan milljarð

Ástjórnarfundum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins var 6 mánaða uppgjör staðfest. Sjóðurinn var rekinn með 76 milljóna króna hagnaði fyrstu 6 mánuði ársins. Fjárfest var fyrir rúman hálfan milljarð króna á fyrri hluta ársins. Sjóðurinn á nú hluti í 35 sprotafyrirtækjum og þremur samlagssjóðum.

Í lok júní námu heildareignir sjóðsins 4.265 milljónum króna og var eigið fé hans á sama tíma 4.035 milljónir króna eða sem nemur 95 % af heildareignum. Á fyrri hluta ársins hefur Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fjárfest fyrir rúm-

an hálfan milljarð króna, þar af beint í fimm nýjum verkefnum fyrir um 300 milljónir króna.

Þessi verkefni eru:

- **gogoyoko ehf.** sem er tónlistar- og samskiptavefur þar sem tónlistafólk og unnendur tónlistar stunda milli-liðalaus viðskipti og samskipti.
- **Gogogic ehf.** sem sérhæfir sig í frumlegri leikjahönnun, gerð smærri tölvuleikja og framleiðslu margmiðlunarefnis fyrir vefinn.
- **Auris ehf.** er fyrirtæki sem vinnur að þróun á nýju lyfi til útvortis notkunar gegn bráðri miðeyrnabólgu hjá börnum.
- **Gagnavarslan ehf.** sem veitir fyrirækjum og stofnunum margþætta þjónustu og ráðgjöf við skipulagningu og varðveislu gagna af öllum gerðum.
- **Mentis Cura ehf.** hefur þróað aðferð sem greinir heilasjúkdóma, m.a. Alzheimer, út frá heilaritum sem aðferð félagsins greinir og túlkar.

Nýsköpunarsjóður á hluti í þremur samlagssjóðum, Brú II, Auði I og Frumtaki slhf. og hefur á þessu ári fjárfest fyrir um 300 milljónir króna í þessum sjóðum. Þessir sjóðir fjárfesta í félögum sem lengra eru komin á sínum þroskaferli. Stærstu hlutdeildina, eða 37% hlut, á Nýsköpunarsjóður í Frumtaki slhf. sem hefur fjárfest í 4 félögum. Þessi félög eru:

- **Trackwell hf** sem sérhæfir sig í hugbúnaðargerð með sérstakri áherslu á lausnir tengdar fjarskiptum og staðsetningartækni, bæði bílum og skipum.
- **AGR ehf.** sem hefur þróað aðferðir og hugbúnað fyrir alþjóðlegan markað og þegar selt hann til 11 landa. Hugbúnaðurinn gerir söluspár um einstakar vörur á grundvelli birgðabókhalds þannig að hægt sé að lágmarka birgðakostnað.
- **Handpoint ehf.** er fyrirtæki sem sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum á handtölvum fyrir verslunardejúr.
- **Andersen & Lauth** er fyrirtæki sem hannar, framleiðir og selur hátískufatnað á alþjóðamarkaði.



Könnun á ástandi og horfum

Starfsmenn SI hafa á gert könnun meðal stærstu félagsmanna sinna um ástand og horfur. Svör bárust frá 140 félagsmönnum.

Störfum hefur fækkað um 632 frá upphafi árs og til áramóta er búist við annarri eins fækkun og hefur þá starfsmönnum fækkað um 13,5% frá upphafi til loka árs.

Almennt eru ekki stór áföll varðandi tapaðar útistandandi kröfur sem skýrist fyrst og fremst af meira eftirliti en á þessu eru undantekningar og dæmi um fyrirtæki sem óttast að tapa allt að 20% af veltu ársins.

Þeir sem leitað hafa til bankastofnana um fyrirgreiðslu eru flestir jákvæðir en margir nefna ákvarðanafælni. Starfsmenn banka virðast ekki hafa umboð frá stjórn og eigendum til að taka nauðsynlegar ákvarðanir. Kvartað er undan því að vonlausum fyrirtækjum sé haldið á floti á meðan lítið sé gert fyrir fyrirtæki

með góða rekstrarsögu. Bankarnir ráðleggja kennitölufلاك.

Svört atvinnustarfssemi er meira áberandi en áður og eftir því sem fyrirtækin eru minni þeim mun meira áberandi eru nótalaus viðskipti.

Þegar spurt er um ráð til stjórnvalda sem gætu komið atvinnulífínu til góða nefna flestir lækkun vaxta, að koma bönkunum af stað, afléttingu gjaldeyrishafta og styrkingu krónunnar auk opinberra framkvæmda. Einnig er nefnt að opinberir aðilar geti í enn meira mæli notað íslenskar vörur og þjónustu.

Tónlistahúsið er tekið sem dæmi um framkvæmd þar sem hægt væri að nýta betur íslenskar vörur. Í húsinu eru t.d. yfir 1000 hurðir og bara sá pakki skiptir máli fyrir íslensk fyrirtæki. Annað dæmi eru gólfefni í húsið. Hægt væri að framleiða öll gólfefni úr íslensku blágrýti með íslenskri orku og vinnuafli í stað innfluttrar vöru.